



Bréfa- og málasafn 1965

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Bréf – Henrik Sv. Björnsson – Sigurður Magnússon – Einar Ingimundarson – Efnahagsstofnunin – Félag íslenskra iðnrekanda – kapmannasamtök Íslands – Framsóknarflokkurinn – Verslunarnefnd Sjálfstæðisflokksins – *Vísir* – Barnaskólabygging í Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-32, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Henrik Sv. Björnsson,
101, Park Street,
London, W.1.

9. febrúar 1965

Ritstjóri Morgunblaðsins,

R e y k j a v í k

Ég leyfi mér að senda yður hér með, hr. ritstjóri,
grein er nefnist: Sveinn Björnsson og lýðveldisstofnunin.

Greinin er svar við ummælum, sem sett voru fram
í eftirmælum er forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson
ritaði í blað yðar um Ólaf Thors á útfarardegi hans 5.
janúar s.l.

Eru það tilmæli mín að þér birtið grein mína við
fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllt,

Sign. Henrik Sv. Björnsson

Bestu meðvitund
HSB

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

LONDON.

TRÚNAÐARMÁL

17. apríl 1965

Góði vinur,

Í framhaldi af spjalli okkar í London um daginn, sendi ég þér hér með samrit af bréfi mínu, dags. 6. p.m., til utanríkisráðherra, en í bréfinu geri ég nánari grein fyrir ástæðum þeim, sem valda því að ég tel erfitt eins og er að taka við sendiherrastarfi á stað eins og Washington. Bréfið skýrir sig sjálft, en fyrst og fremst er um að ræða, að kona mín er enn, og verður væntanlega fram á næsta ár, undir læknishendi og þarf undir handleiðslu lækna sinna á ljóslækningum, sjúkraleikfimi o.fl. að halda.

Þessu bréfi mínu hefur utanríkisráðherra nú svarað með trúnaðarbréfi, ég held að ég ljósti ekki upp leyndarmáli, sem þér sé ókunnugt um, ef ég segi að í bréfinu kemur fram, að hann virðist þegar fyrir nokkru hafa tekið ákvörðun um hverjir verði kvaddir til sendiherrastarfa í Washington og New York, ef embættinu vestra verði skipt. Ekki er sagt frá því, hverja hann hefur ákveðið að kveðja til þessara starfa, enda treysti hann sér ekki til að ræða slík mál við nokkurn mann fyrr en allt sé fastákveðið, til þess að það berist ekki út áður. Þá telur hann það koma sér mjög á óvart að heyra hug minn til þess hugsanlega möguleika, að ég yrði fluttur til annars sendiherraembættis (í bréfi mínu vík ég aðeins að orðrómi um að flytja ætti mig til Washington). Telur hann mig sjálfan hafa tjáð sér áður, að það myndi engum undanfærslum sæta af minni hálfu, þó að ég væri fluttur frá London. Þetta síðasta er rétt, en nota bene það var áður en veikindi konunnar komu til og það kom fram þá hjá mér í sambandi við hugsanlegan möguleika vegna annars sendiherra og erfiðleika, sem gætu komið upp, ef til slíks þyrfti að koma. Mér fannst sem loyal embættismaður ekki óeðlilegt að láta í ljós eitthvað á þá leið, er verða mætti til að auðvelda aðgerðir, ef á þyrfti að halda. Þetta var auðvitað aldrei sett fram sem ósk um að flytjast frá London og ekki var talin ástæða til að taka þessu boði mínu.

Í bréfi sínu gefur G.I.G. mér í raun og veru ekkert svar við fyrirspurn minni, þó að ég þykist geta lesið sumt milli línanna, og hann leiðir algerlega hjá sér að ræða nokkuð ástæður þær, sem ég hef fært til og öll afstaða mín til hugsanlegs flutnings til Washington byggist á. Segist hann telja að hann geti væntanlega rætt þetta mál nánar við mig á NATO fundinum hér í næsta mánuði.

Forsætisráðherra
Dr. Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k.

Ekki get ég neitað því, að mér finnst tóninn í bréfi G.I.G. heldur kaldari en ég á að venjast, og styður það grun minn um það sem fram kom, þegar ég ræddi við þig hér á dögunum. Satt að segja hefði mér aldrei dottið annað í hug, en að talað mundi verða við mig áður en ákvörðun um að flytja mig á annan stað yrði tekin, ~~svo framarlega~~, svo framarlega sem ég hefði ekki brotið eitthvað af mér hér, sem ég veit ekki til að ég hafi gert.

Eins og komið er, sérstaklega þar sem ekki er svarað beinni fyrirspurn minni um flutning vestur, eða minnst á þann möguleika, að val milli staða komi til greina, tel ég erfitt fyrir mig, - ef flutningur frá London er á annað borð ákveðinn, sem ekki liggur fyrir - að biðja um annan stað nálægari London (París), vegna sambands konunnar við lækna sína hér, þann tíma sem hún á eftir til að ná sér eftir þá ekki litlu raun, sem hún gekkst undir í fyrra, en virðist, guði sé lof, gefa góðar vonir um sæmilegan framtíðarbata.

Ef þú getur beitt áhrifum þínum í þessu sambandi, er ég þér mjög þakklátur.

Með bestu kveðjum,
þinn einlægur,

Arvid S. Björnson

P.S. Það er kannske ekki rétt að láta það koma beinlínis fram, að þér sé kunnugt um þessi bréfaskipti okkar G.I.G.

6873



6. apríl 1965

Góði vinur,

Ég sendi þér þessar línur í því skyni að forvitnast um mál vegna orðróms, sem hingað hefur borizt. Þar sem þú ert eini maðurinn, sem getur frætt mig um hið sanna í þessu efni, leita ég upplýsinga hjá þér.

Orðrómurinn, sem ég á við, er á þá leið að til mála hafi komið að flytja mig frá London til Washington, en jafnframt eigi að skipta embættinu þar með því að skipa sérstakan fastafulltrúa fyrir S.þ. í New York.

Bezt er að segja eins og er, að það er von mín, að orðrómur þessi hafi ekki við rök að styðjast, og valda því ýmsar ástæður.

Aðalástæðan er sú, að Gígja er langt frá því búin að ná sér eftir hina miklu skurðaðgerð á báðum mjaðmaliðum í fyrra sumar, og ekki er eða hefur verið gert ráð fyrir að hún geti náð sér fyrr en tvö ár eru liðin frá því, að uppskurðurinn var gerður. Þangað til þarf hún að vera áfram undir hendi þeirra ágætu Lundúnalækna, sem þetta verk unnu.

Önnur ástæða varðar fjölskyldusjónarmið, og á ég þar við nám barnanna, sem nú eru bráðum öll uppkomin, svo og hár aldur tengdamóður minnar. Það má kannske segja, að hægt sé að komast fljótt á milli fjarlæggra landa nú á dögum, en langar flugferðir eru dýrar. Búseta vestra myndi að líkindum hafa það í för með sér að heimili okkar leystist upp, þannig að við yrðum að láta öll börnin flytja til Íslands til þess að koma í veg fyrir, að þau losnuðu um of úr tengslum við heima-landið. Héðan frá London horfir þetta auðvitað allt öðruvísi við.

Þá mætti kannske benda á, að ég tel mig eftir nokkurra ára dvöl hér geta gert meira gagn út frá því sjónarmiði, að hér tekur yfirleitt lengri tíma en á öðrum stöðum að komast í samband og kynni við menn í mismunandi stöðum og aðstöðum.

Allt þetta saman lagt, aðallega þó batavegur konunnar, gerir það að verkum, að ég tel rétt að muna mér til þín til þín til þess að fá að vita hvort orðrómurinn sé úr lausu lofti gripinn eða ekki. Ef þetta hefur ekki við rök að styðjast, eyðast frekari áhyggjur hérna megin. Ef á hinn bóginn

Herra utanríkisráðherra
Guðmundur Í. Guðmundsson,
R e y k j a v í k

eru ráðagerðir um að flytja mig héðan frá London, finnst mér ekk óeðlilegt, að ég bendi á atvik og erfiðleika, sem slík ráðstöfun mundi hafa í för með sér frá mínu sjónarmiði séð.

Bið ég þig svo að afsaka þetta kvabb, en vænt þætti mér að fá sem fyrst frá þér svar við þessu bréfi.

Með bestu kveðjum,
þinn einlægur,

Sign. Henrik Sv. Björnsson

P.S. Ég vona, að Rósa hafi fengið góðan bata eftir Stokkholmsferðina.

12. jan. 1965.

Góði vinur,

Þat fór fyrir okkur lígja síns og áreiðanlega stóð mágum íðrum, sem leyfði höfðu haft af Ólafi Thors, Jóhann setti hljótt ítt fæðina um andlát hans á gamlaís dag.

Hans befur veitð minnst fálaga og unaklefa í blátumum háma, síns og ítt var í frast. Ég las með atlygðri minning- arótt þess eftir hann í blaqqum blaðinu 5. jan.

Þitt atviki var þó í þessu þinni, sem á átti erfitt með að átta mig á þú. Þú hóddi þess um í réttstífu hóf. Slipað uttanþingstjórn eftir síðari þingkosningum ári 1942. Síðan segir rétt í þessum:

„Sú réttstífu var meira en hópin, og tölust þó slaki síns og til var stótt, at hann í veg fyrir endurreisni líttvæðis á árinu 1944.“

Þessi er andritat kemmugt um þá stöðu þessa, at slaki befdi átt at slipa uttanþingstjórnina. Í þess stótt befdi átt í halda ofan um laupur tilraunum til myndunar meirihluta stjórna, eða slipa meirihluta stjórna. Þessi slíkt má deila endalaust, og man ef at ítt höfum áttu rétt þat mátt.

Þvott sem um þat má segja, verður andritat í hófa þat í lufa, at þat er aðeins sínu máttur, sem álvörðum setur talið, og verður á tala, þess myndu þess þess stjórna. Þlíttu sá, sem á reynir, at tala álvörðum, at ilupudu máli, eftir ítt- ræður ítt alla hlutadefendur. Þat er hann í metta máfuleikama til stjórna myndunar,

og hlýtur mat hans edli þá og þessgjast
á upplýsingum, sem hann hefur aflað
síðan frá löstogum og áhrifamunum alla
þingflokka. Einnig er þá sagt áður,
nær endalokum deila um einstaka
ákvæðum. Svona má þá.

Þitt á efritara með þessu, að
þú skulir halda þér fram, og þú hefur
verið tilfangur fötur minns með skipum
utanþingstjórnarinnar á landi í veg
ferri endurreisn lýðveldisins 1944.

Þessi munni þin skil ég sett að
vega eldi, né á hvada slæmi þau eru
sett fram.

Þessi er kunnugt um, og þú sem ferri
fötur minnum valdi vandandi sambands-
slit í Danmörku, var þú sem mestur
einangur, og hefur fullkominn eining, soti
ordit af Íslendinga hálfu um afreiddu
málsins, jafnvel þótt afstada hans legði
á gata heft í för með þessu þessu á hann
sjálfum, da veit aðstöðu hans á öðrum
leyti í þessu sambelli sem hann skipaði.
Eining varð um afreiddu málsins eftir
ári 1943, og er mér eldi kunnugt um
annat, en á fötur minnum hefur verið
áhrifur með þá niðurstöðu eins og allir
aðrir Íslendingar. Þessu ~~þessu~~ þessu
þá áhrifum þessu 1944 og þessu ef
vita talsvert um hefur fötur minns og
slæmi þá og síðan. Þessu með þessu
algerlega á övart, þessu þú er heildit fram
mín, og hann hefur reynt þessu í veg
ferri lýðveldisþessu 1944.

Þessu og þessu hefur alltaf þú á þessu má-
li fötur minns, enda var hann eldi
sjálfur í fleira þú í þessu slæmi að reitlata
þessu sínu eða afsala þessu á valdum
þessu.

Þessu þessu vita, og þú misindri eldi út
þessu að þessu þessu þessu máli út þessu að
þessu þessu. Þessu - ef þú þessu þessu eldi,
þessu þessu heildit þessu þessu þessu þessu

Þessu endan þessu þessu þessu þessu
þessu þessu þessu þessu þessu
þessu þessu þessu þessu þessu

SIGURÐUR MAGNÚSSON

Reykjavík, 9.sept. 1965.

Dr. Bjarni Benediktsson
form. Sjálfstæðisflokksins.

Í framhaldi af samtali okkar fyrir nokkrum dögum leyfi ég mér að senda yður meðf. afrit af bréfum, sem Kaupmannasamtökin hafa látið frá sér fara til tveggja ráðherra í ríkisstjórninni.

Vildi ég nú eins og í samtalinu biðja yður að beita áhrifum yðar til þess að sem nánast samband/^{verði haft}við samtökin ~~nu~~ þegar teknar verða ákvarðanir um verð landbúnaðarvara.

Tel ég það vera flokkslega mjög nauðsynlegt, en geri mér að öðru leyti fulla grein fyrir að hér er á ferðinni vandmeðfarið og viðkvæmt málefni.

Með kveðju,

Sj. Magnússon

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS



MARARGÖTU 2
REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI 19390

Reykjavík, 8. september 1965.

Hjálagt sendist yður, hæstvirtur viðskiptamálaráðherra, ljósrít af ályktun frá fundi matvöru - og kjötkaupmanna, sem haldinn var 2. þ.m., svo og samþykkt samstarfsnefndar þessara féлага um verðlagsmál landbúnaðarafurða frá fundi nefndarinnar 6. þ.m.

Þess er óskað, að þér beitið yður fyrir því, að tekið verði tillit til álagningarþarfar smásöludreifingaraðila við verðlagningu landbúnaðarafurða í haust og þeim gefið tækifæri til að setja fram kröfur sínar og færa rök fyrir þeim; jafnframt að samtökunum verði gefinn kostur á, að fylgjast náið með framvindu þessara mála.

Á það skal lögð sérstök áherzla, að smásöludreifendur fái aðild að þeim nefndum og/eða stofnunum, sem með verðlagsmál fara á hverjum tíma.

Samrit sent hæstvirtum landbúnaðarmálaráðherra.

Hr. viðskiptamálaráðherra.
Gylfi Þ. Gíslason
Arnarhvoli.


Bréf sent hæstvirtum landbúnaðarráðherra og viðskiptamálaráðherra.

Á L Y K T U N .

Fundur matvöru og kjotkaupmanna, haldinn í Sjálfstæðis-
húsinu fimmtudaginn 2. sept. 1965 áréttar þær krefur smásöludreifingara-
aðila, að þeir fái aðild að þeim nefndum, sem ákveða smásölu-
álagningu hinna ýmsu vörutegunda á hverjum tíma.

Jafnframt bendir fundurinn á, að með sölustoðvun á kartöflum
vilja kaupmenn og kaupfélög leggja sérstaka áherzlu á, að
álagning á landbúnaðarvörum í heild er langt fyrir neðan meðal
verzlunarkostnað og það enda þótt dreifing á landbúnaðarvörum
sé miklu kostnaðarmeiri, en flestum öðrum vörutegundum.

Fundurinn felur nefnd þeirri, sem starfað hefur í málinu,
í samráði við kaupfélögin og stjórn fiskasalafélagsins, að taka
ákvörðun um hvort og hvenær skuli aflétta sölustoðvun á
kartöflum í verzlunum eða hvort réttara sé að taka upp viðtækari
sölustoðvun á þessu stigi málsins.



Á fundi samstarfsnefndar um verðlagsmál landbúnaðarafurða var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

Ákveðið hefur verið að taka aftur upp dreifingu á kartöflum frá og með 7. þ.m.

Vísast í því sambandi til viðræðufunda með ráðamönnum verðlagsmála, en af þeim viðræðum þykir mega ráða aukinn skilning á málefnum smásöludreifingar í landinu.

Ennfremur er vísað til þess, að verðlagsnefnd landbúnaðarafurða er orðin óstarfhæf og að fengist hefur viðurkenning á sjálfsögðum túlkunarrétti smásöluaðila gagnvart þeim yfirvöldum, sem með verðlagsmál fara á hverjum tíma.

Harna ber að grípa þurfi til sölubanns í einhverri mynd til þess að knýja fram leiðréttingar á málefnum og hagsmunum dreifingaraðila og vonar nefndin, að til þess þurfi ekki að koma í einni eða annarri mynd aftur við verðlagningu landbúnaðarafurða eða aðrar aðgerðir.

Nefndin vill benda á, að til þess að forðast slíka málsmeðferð hljóti að teljast bæði rétt og eðlilegt að smásöludreifingaraðilar fái aðild að þeim nefndum, sem með málefni stéttarinnar fara, t.d. öllum verðlagsnefndum þannig að réttur þeirra hljóti viðurkenningu til jafns við réttindi annarra, sem hlut eiga að máli.

Nefndin ítrekar, að í því að taka aftur upp dreifingu á kartöflum, fellst fráleitt nokkur viðurkenning á réttmæti álagningar á þessa vörutegund, og bendir jafnframt á, að álagning á landbúnaðarvörur í heild er langt fyrir neðan það, sem eðlilegt mætti teljast.

1. Samkvæmt efnahagsreikningi pr.30.6 1965 nema heildarskuldir Blaðaútgáfunnar Vísir kr.14.400.000.00 .
2. Af þessum heildarskuldum er hlutafé kr.2.400.000.00 og þegar hafa einstakir hluthafar tekið að sér að greiða kr. 3000000.00. Reikna verður hlutaféð sem tapað og að þegar yfirteknar skuldir (p.e. 3.millj.) verði ekki endurgreiddar af Blaðaútgáfunni svo sem í upphafi var ráðgert. Eru þá skuldir komnar í kr.9.millj.
3. Fyrir liggur tilboð frá Sjálfstæðisflokknum um að hann taki að sér skuldir að upphæð kr.2.500.000.00, enda verði frá öðrum skuldum gengið og blaðinu tryggð áframhaldandi starfsskilyrði í formi hallalauss reksturs. Eru þá ófrágengnar skuldir kr. 6.500.000.00.
4. Að margathuguðu máli þeirra aðila, sem fengizt hafa við þetta vandamál undanfarin ár, er það talin eina lausnin á fjárreiðum blaðsins, að stofnað verði nýtt hlutafélag, sem yfirtaki eignir og skuldir núverandi Blaðaútgáfu. Forgangsrétt að aðild hins nýja félags hafi núverandi hluthafar, en að sjálfsögðu kemur einnig til athugunar að bæta nýjum hluthöfum við.
5. Einstökum hlutum í hinu nýja félagi verður síðan að fylgja sem kvöð, skuldayfirtaka skv. þeim samningamöguleikum sem fyrir liggja gagnvart hinum ýmsu kröfuhöfum. Hér ber að hafa í huga, að þessa kvöð hafa sumir hluthafa þegar tekið á sig(s.b.r. 3.millj.) og einnig Sjálfstæðisflokkurinn með sínu tilboði.
6. Gera skal ráð fyrir að 2.millj. króna skuld verði áfram á hinu nýja félagi á móti 4.millj.króna eignum þessum í vélum og áhölaum. Jafnframt eru allar líkur á, að kröfuhafar gefi eftir allt að kr.600.000.00. Eru þá eftir til að ganga frá kr.4000.000.00.
7. Það verði gert á þann veg, að safnað v rði hlutafé í nýja félagið að upphæð kr.2.millj. (t.d. 40 x 50.þús. króna hlutir) og hverjum 50.þús. króna hlut fylgi sem kvöð jafnhá skuldayfirtaka.

Afhent af Sig. Magnússyni 19/8/65
JMK

12.5% í heilðeðlu, en í smáeðlu 34%, þegar keypt er af innlendum heilðeðlubirgðum. Hér er um hreinan tískuverning að ræða, sem mikil áhætta fylgir, þar sem vörur þessar hverfa ó skjólg skömmum tíma úr vísku, og teljum vér öll rök hníga í þá átt að gefa þennan vöruflokk algjörliga frjálsum. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að tilbánar vörur úr samkonar afnum eru óháðar verðlagsákvæðum. Mál þetta hefur valdið mikilli óánægju innan Félags vefnaðarvöruséðkaupmanna og meðal vefnaðarvöruséðkaupmanna, og vonumst vér til, að úr þessu verði búið til bráðasta.

Þá viljum vér og benda á til samráðingar, að í vefnaðarvöruflokknum undir 2. lið - gólfteppi og draglar - þá færum vér þess vinsamlegast á leit, að leyfi verði 5% álagningarhákkun, þegar vara þessi er seld niðurbúið, og bendum vér á heimild í verðlagsákvæðum í byggingasvæðeflokknum 8. gr., þar sem leyfi er 5% hærri álagning á gerviefni í plötum, rúllum og stöngum til innréttinga og húsgagnagerðar, þegar vörur þessar eru seldar niðursagðar eða bútaðar. Vér viljum og áréttu fyrri beiðnir verer í sambandi við byggingavöruflokkinn, að álagning á smíðatiabri og þilplötum verði gefin frjálða eða hákkun.

Hér að framan höfum vér séðins stiklað á því stærsta og að okkar áliti þýðingarmesta, en hins vegar teljum vér eðlilegast, að verðlagsákvæðin í heild verði endurskoðuð.

Eitt af þeim málum, sem vér teljum nauðsynlegt, að lagfæring verði gerð á, er, að innflutningur á t.d. nautekjöti og fuglakjöti verði gefinn frjálða, en vara þessi er að skjólg takmörkuðu leyti frasléidd hér á landi.

Á fundinum var jafnframt rétt um sáttmálur ríkisins og sérstök áhersla lögð á afnáð Viðtækjaverzlunar ríkisins, enda höfum vér rétt við fjölmarga opinbera aðila um rekstur stofnunar þessarar, sem vér teljum óþarft að öllu.

Samframt viljum vér benda á, að neðanskráð samtök hafa ekkert við það að athuga, að verðlagseftirlitið verði sakið, þ.e., að skrifstofa verðlagstjóra fylgiet enn betur með verðlagi í verzlunum, sé það talið mekillegt, svo að koma megi enn frekar í veg fyrir óháðilaga háa verðmyndun á einstökum vörum.

Að lokum viljum vér svo ítraka það álit vort, að með því sukna frjálshæði, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér

fyrir í verðlagsáflum, teljum vér, að það hafi frekar
leitt til verðlaganna en verðhækkana.

Virðingarfyllt,

FÉLAG ISLENSKRA ISNREKENDNA

FÉLAG ISLENSKRA STORKAUFMANNA

KAUFMANNASAMTÖK ISLANDS

VERZELNARRÁÐ ISLANDS

Fundargerð verzlunarnefndar á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1965. Fundurinn var haldinn í Sjálfstæðishúsinu laugardaginn 24. apríl, kl. 10-12. Fundinn sóttu um 25 manns.

Fyrst var rætt um einkasölur ríkisins, og voru menn á þeirri skoðun, að einkafyrirtæki gætu dreift þeim vörum, sem einkasala er á, fyrir mun minni kostnað en nú er greiddur. Verð gæti því lækkað eða þjónusta við neytendur batnað, en ríkissjóður haldið óskertum tekjum. Vörur þær, sem um er að ræða, eru tóbaksvörur, eldspýtur, bökunardropar, ilmvoð, hárvöð og andlitsvoð, útvarpstæki, grænmeti, áburður og sement.

Töldu menn réttast, að einkasölufyrirkomulagið yrði afnumið á þessum vörum og annað hvort hætti ríkið verzlunarrekstrinum, eða þá að einkafyrirtækin fengju að keppa við ríkisfyrirtækin.

Í umræðunum kom það fram, að ríkisstjórnin hefði ákveðið í október s.l., að viðskiptamálaráðuneytið léti fara fram athugun á rekstrarfyrirkomulagi Viðtækjaverzlunar ríkisins. Viðskiptamálaráðherra hefði ákveðið að skipa nefnd í málið og Verzlunarráðið tilnefnt mann í hana, en nefndin ekki verið kvödd til fundar enn.

Þessir menn tóku þátt í umræðunum um einkasölnar: Hafsteinn Sigurðsson, Björn Hallgrímsson, Hilmar Fenger, Hannes Þorsteinsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Jón Benediktsson á Akureyri lýsti óánægju sinni með verzlunarhætti Mjólkursamlags KEA, en það selur eingöngu í kaupfélagsbúðirnar.

Næst var rætt um verðlagsákvæði þau, sem verzlunin býr við. Menn voru á einu máli um, að verðlagsákvæðin stuðluðu að óhagkvæmum verzlunarháttum og hærra verði en ella, þegar vöruframboð er mikið, eins og nú er. Verzlanir kaupa oft vörur í tiltölulega litlu magni af erlendum heildverzlunum, í stað þess að innlendir stórkaupmenn gætu keypt mikið magn frá verksmiðjum á mun lægra verði, og dreift síðan vörunum til verzlana á samkeppnisfæru verði, ef ákvæði um prósentuálagningu drægi ekki úr slíkri verzlun. Mörg dæmi voru nefnd um óheppileg áhrif verðlagsákvæðanna. Hins vegar var ekkert talið því til fyrirstöðu, að verðlags- eftirlit starfaði áfram til þess að koma í veg fyrir óeðlilega verðmyndun.

Um þetta mál ræddu aðallega Hannes Þorsteinsson, Hafsteinn Sigurðsson og Þorvarður J. Júlíusson.

var nauðsynlegt, að heimilaður yrði gjaldfrestur á tollum á vörum, sem hægt er að flytja beint frá skipshlið í vörugeymslur innflytjenda, enda yrði af því mikill sparnaður. Ennfremur væri auðsynlegt að hafa tilbúna víðtækari heimild, sem nota mætti, þegar áðstæður ríkissjóðs leyfa. Um þetta ræddu Hilmar Fenger og Björn Hallgrímsson.

Hannes Þorsteinsson og Jóhann Friðfinnsson töldu nauðsynlegt, að lækka verulega tolla af innfluttum timburhúsum, og væri það raunhæfasta leiðin til þess að leysa húsnæðisvandamálin. Þorvarður J. Júlíusson gaf upplýsingar um tolla á tilbúnum húsum og ýmsum efnivörum og hlutum til þeirra. Ennfremur benti hann á, að athuga þyrfti áhrif tollalækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, svo að unnt verði að bera þau saman við áhrif niðurgreiðslna á vísitöluna. Ágúst Hafberg benti á nauðsyn þess, að ávallt væri fyrir hendi í landinu nægur og góður kostur véla og tækja til bygginga og taldi tolla og takmarkaðar heimildir fyrir erlendum lánum vera hér til fyrirstöðu. Ennfremur taldi hann of lítið af því gert, að ríki og ríkisstofnanir byðu út verk. Kristján G. Gíslason benti á, að "nauðsyn bæri til þess að samræma tolla okkar tollum annarra vestrænna ríkja, meðfram vegna hinna tíðu og auknu samgangna. Þar eð tollar okkar væru í mörgum tilfellum fjórum sinnum hærri en tollar nágrannaríkjanna, væri mikið af vörum keypt erlendis í smásölu og flutt inn ótollað. Lagfæring myndi þýða betri verzlunarkjör fyrir alþjóð. Ríkissjóður myndi fá ~~tekjur af~~ lægri tolltekjum á einingu bættar upp að verulegu leyti með tollgreiðslu af auknu innflutningsmagni að viðbættum skatttekjum af aukinni innlændri verzlun". Vilhjálmur H. Vilhjálmsson tók í sama streng.


Magnús J. Brynjólfsson ræddi um gjaldyrisréttindi viðskiptabankanna og áleit sjálfsagt og eðlilegt, að þeir hefðu allir rétt til verzlunar með erlendan gjaldyri. Hann minntist einnig á fyrirhugaða stofnlánadeild við Verzlunarbanka Íslands, sem gegna ætti svipuðu hlutverki og stofnlánadeildir annarra atvinnuvega og ætti því að njóta sömu aðstöðu og þær.


Þorkell Valdimarsson bar fram þá ósk, að ákvæði Seðlabankalaganna um stofnun kaupþings kæmi sem fyrst til framkvæmda og gerði grein fyrir ástæðum. Með því taldi hann möguleika skapast á einkarekstri, þar sem aðeins ríkisrekstur er nú talinn koma til greina, og nefndi sem dæmi Kísilgúrverksmiðjuna. Ágúst Hafberg

ræddi nánar um kaupþing og minntist á skilyrði, sem fyrir hendi þyrftu að vera, til þess að kaupþing næði árangri.

Gunnlaugur Scheving í Vestmannaeyjum ræddi skattamál og taldi launaskattinn ógeðfeldan skatt, sem atvinnurekandinn ætti einnig að greiða af sínum eigin reiknuðu launum, þótt ágóðinn væri mun minni, en bændur væru þó undanþegnir.

Að lokum talaði Jóhann Hafstein, ráðherra, lýsti skoðunum sínum og afstöðu Sjálfstæðisflokksins til hinna ýmsu mála og jafnframt afstöðu Alþýðuflokksins, sem í mörgum málum væri andstæð. Ráðherran gaf einnig ýmsar fróðlegar upplýsingar um einstök atriði.


Formaður nefndarinnar


Fundarstjóri

Fundarritari

Til Miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins,
Hr. dómismálaráðherra,
Jóhann Hafstein,

Tillögur Framsóknarmanna á Alþingi 1964-1965, sem fela í sér útgjöld fyrir ríkissjóð vegna athugunar og undirbúnings tiltekinna mála, auk þess kostnað sem fylgja myndi, ef að framkvæmdum yrði:

Till. til þál.
um stórvirkjunar- og stóriðjumál
Flm.: Eysteinn Jónsson o.fl.

Till. til þál.
um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.
Flm.: Óskar Jónsson o.fl.

Till. til þál.
um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.
Flm.: Gísli Guðmundsson o.fl.

Till. til þál.
um héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.
Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

Till. til þál.
um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.
Flm.: Ingvar Gíslason o.fl.

Till. til þál.
um afréttamálefni.
Flm.: Karl Kristjánsson o.fl.

Till. til þál.
um kvikmyndasýningar í sveitum.
Flm.: Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson

Till. til þál.
um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.
Flm.: Jón Skaftason, o.fl.

Till. til þál.
um athugun á samdrætti í iðnaði.
Flm.: Þórarinn Þórarinsson, o.fl.

Till. til þál.
um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.
Flm.: Einar Ágústsson o.fl.

Till. til þál.
um endurskoðun skólalöggjafarinnar.
Flm.: Páll Þorsteinsson, o.fl.

Till. til þál.
um eflingu Háskóla Íslands.
Flm.: Ólafur Jóhannesson, o.fl.

Till. til þál.
um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis.
Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson

Till. til þál.
um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum.
Flm.: Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson

Till. til þál.
um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns.
Flm.: Kristján Thorlacius, Þórarinn Þórarinsson

Till. til þál.
um verðtryggingu sparifjár
Flm.: Jón Skaftason, o.fl.

Frv. sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð eru sem
hér segir (til viðbótar áður uppgefnu):

Frv. til laga
um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis.
Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson

Frv. til laga
um samvinnubúskap
Flm.: Páll Þorsteinsson o.fl.

18. maí 1965
PSSK

Um barnaskólabyggingu í Þverárhreppi
V-Hún.

Eftir beiðni hefi ég tekið saman yfirlit um efni nokkurra skjala, sem borizt hafa fjárveitinganefnd o. fl. aðilum vegna umsókna um fjárveitingar til byggingar barnaskólahúss í Þverárhreppi á árunum 1963-1965.

1. 10. apríl, 1961 haldinn almennur sveitarfundur að Ægissíðu í Þverárhreppi þar sem lýst er yfir því, að fundurinn telji ^{ekki} læskilegt að taka þátt í fyrirhugaðri byggingu samskóla fyrir V-Húnavatnssýslu og samþykkir síðan með atkvæðum allra fundarmanna áskorun til hreppsnefndar og skólanefndar "að kanna til hlýtar, svo fljótt sem auðið er, hvort ekki sé hægt að fá styrk lögum samkv. til byggingar heimavistar- eða heimangönguskóla fyrir hreppinn." Útdráttur af fundargerð þessa fundar var sendur fræðslumálastjóra með bréfi dags. 18. júní 1961.
2. 18. okt. 1963 gerir skólanefnd Þverárhrepps eftirfarandi samþykkt: "Skólanefnd æskir þess mjög eindregið, að veitt verði fé af fjárlögum ársins 1964 til að hefja byggingu barnaskólahúss fyrir Þverárhrepp."
3. 10. nóv. 1963 var haldinn fundur í fræðsluráði V-Húnavatnssýslu og hafa þeir Þórarinn Guðmundsson og Jóhannes E. Levý fræðsluráðsmenn undirritað svofellda yfirlýsingu um þann fund dags. 19. nóv. 1963:

"Við undirritaðir fræðsluráðsmenn í Vestur-Húnavatnssýslu lýsum hér með yfir, að á fræðsluráðsfundi að Melstað, sunnudag 10. þ.m. var samþykkt tillaga um að mæla ákveðið með því, að Alþingi það, er nú situr, taki inn á fjárlög ársins 1964 fjárveitingu til barnaskólabyggingar í Þverárskólabyggðarhverfi, Vestur-Húnavatnssýslu."
4. 22. nóv. 1964 undirrita þeir Jóhannes E. Levý, Þórarinn Guðmundsson og Benedikt H. Líndal, fræðsluráðsmenn í V-Húnavatnssýslu svohljóðandi yfirlýsingu:

"Með tilvísun til fundarsamþykktar fræðsluráðs Vestur-Húnavatnssýslu frá 10. nóv. 1963 og erindi skólanefndar Þverárhrepps til Alþingis í október sama ár um fjárframlag á fjárlögum fyrir árið 1964 til byggingar heimavistarbarnaskóla í Þverárhreppi þá ítrekum við undirritaðir fræðsluráðsmenn, að Alþingi veiti ^{nú} ~~un~~ á fjárlögum fyrir árið 1965 fé til skólabyggingarinnar."

5. 26. nóv. 1964 sendir Jörundur Pálsson, starfsmaður Húsameistara ríkisins Einari Ingimundarsyni, alþm., kostnaðaráætlun fyrir skólahús, sem fyrirhugað sé að reisa að Þorfinnsstöðum, V-Hún. Áætlunin hljóðaði um samt. kr. 5.7 milljónir króna og innifalin íbúð skólastjóra 1.2 millj. króna. Tekið var fram í bréfi þessu, að teikning af húsinu yrði send innan nokkurra daga.

Öll framangreind skjöl varðandi umrædda skólahússbyggingu eru í vörzlum fjárveitinganefndar Alþingis vegna umsókna Einars Ingimundarsonar í nóvembermánuðum 1963 og 1964, þar sem hann mæltist til þess f.h. Óskars Levý, hreppstjóra á Ósum, að fé yrði veitt á fjárlögum ársins ^{1964 09} 1965 til byggingarframkvæmda við margnefnda skólahússbyggingu. Afrit af báðum þessum bréfum voru send fræðslumálastjóra. Í-hvorugt skiptið treysti fjárveitinganefnd sér til að mæla með þessu erindi, haustið 1963 vegna ónógs undirbúnings, að því er sagt var, en 1964 af ókunnum ástæðum. - Ekki verður séð af skjölum fjárveitinganefndar, hvort fræðslumálastjóri hefir að nokkru svarað erindi hreppsþúa, sem sent var honum 18. júní 1961, skv. lið 1 hér að framan. Með bréfi dags. 10. des. 1963 skrifaði hann hinsvegar fjárveitinganefnd vegna erindis undirritaðs til nefndarinnar viðkomandi máli þessu. Tekur fræðslumálastjóri fram í þessu bréfi sínu til nefndarinnar, að ekki hafi borizt til hans umsókn lögum samkvæmt um byggingu þá, sem hér um ræðir og tekur annars fram í niðurlagi bréfs síns, að enda þótt hann mæli ekki með byggingu sérskóla fyrir Þverárhrepp, þá hafi hann "að sjálfsögðu veitt þeim, sem sækja það fast heima fyrir, þær upplýsingar varðandi húsnæðisþörf og byggingarkostnað, sem ég taldi réttast ^{veita} ~~veita~~" - eins og segir orðrétt í áðurnefndu bréfi fræðslumálastjóra.

Af öðrum gögnum , sem undirritaður hefir haft aðgang að hjá menntamálaráðherra verður séð, að í ársbyrjun 1963 hefir fræðslumálastjóri verið tekinn að víða að sér gögnum vegna bréfaskrifta við einstaka íbúa Þverárhrepps, sem síðar kemur í ljós að snúizt hafa öndverðir gegn þessu sérskólamáli.

Í maí mánuði 1964 er ljóst, að til opinberra deilna er komið um skólamálið innbyrðis meðal íbúa Þverárhrepps. Í þeim mánuði skrifa 25 hreppsþúar undir yfirlýsingu um, að þeir séu eindregið því fylgjandi, að hreppurinn taki þátt í fyrirhugaðri samskólabyggingu á Laugabakka við Miðfjarðará. - Í sama mánuði skrifa 56 kjósendur í Þverárhreppi undir yfirlýsingu, þar sem þeir fagna skilningi og góðvilja, sem heimavistarbarnaskólamál hreppsins hefir átt að mæta hjá alþingismönnum og fræðsluráði og vænta þess, að ákveðin fjárhæð verði veitt til byggingar skólahússins á fjárlögum næsta árs (1965).

Íbúar Þverárhrepps eru eftir upplýsingum Hagstofu Íslands 1964 167 talsins. - Ekki verður séð af undirskriftalista samskólamanna, hvort áskrifendur eru allir Alþingiskjósendur, en ætla verður, að svo sé. - Ef svo er hafa 81 kjósendi í hreppnum tekið þátt í þessum undirskriftum, en líklegt er, miðað við heildaríbúatölu, að Alþingiskjósendur séu þar milli 90 og 100. - Ekki er auðvelt að átta sig á barnafjölda þeirra, sem þátt hafa tekið í áðurnefndum undirskriftum með og móti sérskóla fyrir hreppinn, því að sannanlegt er, að foreldrar barna á barnaskólaaldri hafi tekið afstöðu hver með sínum aðila, t.d. faðir með sérskóla, en móðir með samskóla.

Af þeim upplýsingum, sem felast í þeim gögnum, sem hér að framan er lýst, dreg ég þessar ályktanir:

- a) Ekki verður annað séð en að Þverárhreppsþúar hafi ~~verið~~ ^{verið} einhuga um það fyrri hluta árs 1961 að óska eftir því að fá að byggja sérskóla fyrir hreppinn, en taka ekki þátt í stofnun

samskóla, sem flestir aðrir hreppar sýslunnar (V-Hún) hugðust reisa. Hin sama virðist enn ~~vera~~^{vera} afstöðu meiri hluta fræðsluráðs V-Húnavatnssýslu og meiri hluta skólanefndar Þverárhrepps a.m.k. fram á árið 1963.

- b) Ljóst virðist, að frá því í júnímánuði 1961 hafi fræðslumálastjóra verið kunnugt um þennan vilja hreppsþúa (sbr. 1 hér að framan) þótt á það muni hafa skot, að sótt væri þá þegar um heimild til sérskólabyggingar með þeim undirbúningi, sem áskilinn er samkvæmt strangasta lagabókstaf.
- c) Sterkar líkur hníga að því, að ákveðinn áróður hafi af hálfu fræðslumálastjóra ~~verið~~ rekinn fyrir því heima í héraði a.m.k. frá fyrri hluta árs 1963, að hreppsþúar breyttu fyrri afstöðu sinni og snerust gegn sérskólahugmyndinni, sem þeir höfðu áður lýst fylgi sínu við. Þrátt fyrir þetta lýsa 56 kjósendur af 81, sem tjá sig um málið, með og móti, í máímánuði 1964 yfir fylgi sínu við byggingu sérskóla fyrir hreppinn. Skortir allar sannanir fyrir því, að mínum dómi, að enn sé ekki afstaða þessa fólks hin sama til þessa máls og hún þá var.

A l þ i n g i , 7. des. 1965

Guinnar Loginnudasson

Til

forsætisráðherra.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

HVERFISGATA 4 - REYKJAVÍK - N

SÍMI 20520

28-7-65

Hér með sendi ég:

"Samantvæðing á þjóðarframlæddu og telgum hins
opinserra í nokkurum löndum".

Torfi Asgerimsson

Forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson.

Samanburður á þjóðarframleiðslu og tekjum
hins opinbera í nokkrum löndum.

	1960 <u>m. Ikr.</u>	I S L A N D 1962 <u>m. Ikr.</u>	1963 <u>m. Ikr.</u>	1964 <u>m. Ikr.</u> Bráðab. tölur	Danmörk 1963 <u>m. Dkr.</u>	Noregur 1963 <u>m. Nkr.</u>	Svíþjóð 1963 <u>m. Skr.</u>	V-Þýzkal. 1963 <u>1000 m. Dm.</u>	Bretland 1963 <u>m. £</u>
<u>Verg þjóðarframleiðsla á markaðsvirði:</u>	8.089	11.488	13.663	17.098	54.996	40.252	80.451	376,50	30.060
<u>Tekjur hins opinbera:</u>									
Beinir skattar aðrir en framlög til almanna- trygginga:	546	567	774	1.084	6.890	5.388	14.259	42,85	3.362
Almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsiðgjöld:	170	244	306	402	785	2.681	4.634	36,20	1.303
Obeinir skattar og tekjur af fyrirtækjum hins opinbera:	2.345	2.328	2.833	3.325	8.305	6.618	12.942	61,25	4.748
Aðrar tekjur hins opinbera:	42	62	78	80	190	476	894	0,81	126
Allar tekjur hins opinbera:	3.103	3.201	3.991	4.891	16.170	15.163	32.729	141,11	9.539
<u>Til frádráttar:</u>									
Útflutningsuppbætur:	549	32	87	139					
<u>Tekjur hins opinbera að frádregnum útflutningsuppbótum:</u>	2.554	3.169	3.904	4.752	16.170	15.163			
<u>Tekjur hins opinbera í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu:</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>
Beinir skattar:	6,8	4,9	5,7	6,3	12,5	13,4	17,7	11,4	11,2
Almannatryggingagjöld:	2,1	2,1	2,2	2,4	1,4	6,7	5,8	9,6	4,3
Obeinir skattar:	29,0	20,3	20,7	19,4	15,1	16,4	16,1	16,3	15,8
Tekjur hins opinbera alls:	38,4	27,9	29,2	28,6	29,4	37,7	40,7	37,5	31,7
<u>Til frádráttar:</u>									
Útflutningsuppbætur:	6,8	0,3	0,6	0,8					
<u>Tekjur hins opinbera að frádregnum útflutningsuppbótum:</u>	31,6	27,6	29,2	27,8	29,4	37,7	40,7	37,5	31,7

Samanburður á þjóðarframleiðslu og tekjum
hins opinbera í nokkrum löndum.

	1960 m. Ikr.	I S L A N D 1962 m. Ikr.	1963 m. Ikr.	1964 m. Ikr. Bráðab. tölur	Danmörk 1963 m. Dkr.	Noregur 1963 m. Nkr.	Svíþjóð 1963 m. Skr.	V-Dýzkal. 1963 1000 m. Dm.	Bretland 1963 m. £	<u>Ísland</u> 1957 1958
<u>Verg þjóðarframleiðsla á markaðsvirði:</u>	8.089	11.488	13.663	17.098	54.996	40.252	80.451	376,50	30.060	5.418 6.364
<u>Tekjur hins opinbera:</u>										
Beinir skattar aðrir en framlög til almanna-trygginga:	546	567	774	1.084	6.890	5.388	14.259	42,85	3.362	495 536
Almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsgjöld:	170	244	306	402	785	2.681	4.634	36,20	1.303	134 141
Obeinir skattar og tekjur af fyrirtækjum hins opinbera:	2.345	2.328	2.833	3.325	8.305	6.618	12.942	61,25	4.748	1164 1699
Aðrar tekjur hins opinbera:	42	62	78	80	190	476	894	0,81	126	20 22
Allar tekjur hins opinbera:	3.103	3.201	3.991	4.891	16.170	15.163	32.729	141,11	9.539	1.813 2.398
<u>Til frádráttar:</u>										
Útflutningsuppbætur:	549	32	87	139						÷ 260 ÷ 623
<u>Tekjur hins opinbera að frádragnum útflutningsuppbótum:</u>	2.554	3.169	3.904	4.752	16.170	15.163				<u>1.553 1.775</u>
<u>Tekjur hins opinbera í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu:</u>										
	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
Beinir skattar:	6,8	4,9	5,7	6,3	12,5	13,4	17,7	11,4	11,2	9,1 8,9
Almannatryggingagjöld:	2,1	2,1	2,2	2,4	1,4	6,7	5,8	9,6	4,3	2,5 2,2
Obeinir skattar:	29,0	20,3	20,7	19,4	15,1	16,4	16,1	16,3	15,8	21,5 26,7
Tekjur hins opinbera alls:	<u>38,4</u>	<u>27,9</u>	<u>29,2</u>	<u>28,6</u>	29,4	37,7	40,7	37,5	31,7	<u>33,5 37,7</u>
<u>Til frádráttar:</u>										
Útflutningsuppbætur:	6,8	0,3	0,6	0,8						÷ 4,8 ÷ 9,8
<u>Tekjur hins opinbera að frádragnum útflutningsuppbótum:</u>	<u>31,6</u>	<u>27,6</u>	<u>29,2</u>	<u>27,8</u>	29,4	37,7	40,7	37,5	31,7	<u>28,7 27,9</u>